

MINNISBÓK

AÐALRÁÐSTEFNU

**VERIÐ
VIÐBÚIN!**

Áður en ráðstefna hefst, getið þið búið ykkur undir að hlusta á rödd Drottins með því að leita persónulegrar opinberunar.

Hafið þið gefið ykkur tíma til að biðjast fyrir í einrúmi?

Hafið þið lesið ritningarnar?

„Ég [býð] ykkur að hlusta eftir þremur atriðum á þessari ráðstefnu: hreinum sannleika, hreinni kenningu Krists og hreinni opinberun. Ég get fullvissað ykkur um að það sem þið heyrið í dag og á morgun er hreinn sannleikur.“

Russell M. Nelson forseti¹

SPYRJIÐ

„Opinberun hlýst næstum alltaf sem svar við spurningu.“

Öldungur Jeffrey R. Holland²

og hlustið síðan

„Hrein opinberun um ykkar hjartfólgnu spurningar [mun] gera þessa ráðstefnu gefandi og ógleymanlega. Ef þið hafið ekki enn leitað liðsinnis heilags anda til að hjálpa ykkur við að hlýða á það sem Drottinn vill að þið heyrið þessa tvo daga, þá býð ég ykkur að gera það núna.“

Russell M. Nelson forseti³

Hvað liggur ykkur á hjarta?

Íhugið þær spurningar eða þau málefni sem þið hafið. Þið getið skrifað þau hér og haft þau í huga þegar þið hlýðið á ráðstefnuna. Jafnvel þótt þið hafið ekkert sérstakt í huga, mun Drottinn hjálpa ykkur að finna leiðir til að læra og vaxa er þið leggið ykkur fram við að hlýða á hann.

Hér eru nokkur dæmi og pláss til að skrifa ykkar eigin:



TAKIÐ GLÓSUR!

Sýnið Drottni að þið séuð tilbúin að meðtaka og breyta eftir opinberun með því að einbeita ykkur að því að hlusta á andann og skrifa niður hugsanir ykkar og tilfinningar. Hafið ekki áhyggjur af því að skrifa niður hvert smáatriði. Þið getið alltaf lesið eða hlustað aftur á ræðurnar síðar.

„Í Mormónsbók er að finna frábæra líkingu [fyrir að taka glósur]. Þar eru stóru töflurnar, sem hafa að geyma sögu fólksins, og litlu töflurnar, með opinberunum og helgum skrifum. Ef einstaklingur sem hlustar á ræðu . . . punktar hjá sér það sem ræðumaðurinn segir, þá eruð þið að rita á stóru töflurnar – sögu fundarins. Ef þið skráið persónuleg hughrif sem berast ykkur með heilögum anda, þá búið þið til eigin litlar töflur.

Öldungur David A. Bednar⁴

Það sem þeir kenndu:

Tilfinningar mínar og hughrif:

HLUSTIÐ Á ANDANN. HVÆÐ FINNIÐ ÞIÐ?

„Ef við einungis tökum við því sem kennarinn kennir, þá missum við af því mikilvægasta.“

Öldungur David A. Bednar⁵



Það sem þeir kenndu:



**ÞAÐ ER ENGIN RÖNG LEIÐ TIL
AÐ TAKA GLÓSUR**

Finnst ykkur erfitt að einbeita ykkur? Prófið að gera glósurnar ykkar persónulegar. Þárið eitthvað niður, áletrið á skapandi hátt eða teiknið myndir til að hjálpa ykkur að muna eftir sögum, tilvitnunum eða innblæstri sem hefur merkingu fyrir ykkur.



*Eins og ég hef
elskað yður skuluð
þér einnig elska
hvert annað. 🍷*





Tilfinningar mínar og hughrif:



HLÉ!

Hefur þú hlotið svör við einhverjum spurningum þínum fram að þessu? Ef þú getur, gefðu þér þá tíma til að skrifa leiðsögnina sem þú hefur hlotið.



„Ég lofa ykkur, að er þið heyrið rödd Drottins til ykkar í kenningum þessarar aðalráðstefnu og bregðist síðan við þeim innblæstri, þá munið þið finna himins hönd yfir ykkur og þið og þeir sem umhverfis ykkur eru, munu blessaðir verða.“

Öldungur Neil L. Andersen⁶



„Með þessum þremur orðum – ‚hlýðið á hann‘ – gefur Guð okkur forskrift að farsæld, hamingju og gleði í þessu lífi. Okkur ber að *hlýða* á orð Drottins, *hyggja* að þeim og *hlíta* því sem hann segir!“

Russell M. Nelson forseti⁷



Það sem þeir kenndu:



Tilfinningar mínar og hughrif:

HVAÐ TEKUR NÚ VIÐ?

Þegar ráðstefnan er búin, er kominn tími til að vinna í því sem þið heyrðuð og funduð. Hér eru nokkrar spurningar til að koma ykkur af stað:

- Hvaða einn hlut get ég einblínt á í framhaldinu?
- Er eitthvað í lífi mínu sem mér finnst ég þurfa að breyta?
- Hvaða hvatningu mun ég bregðast við?
- Hvernig hlýddi ég á hann á ráðstefnu?
- Hvernig get ég betur hlýtt á hann í daglegu lífi?

Eruð þið ánægð með það hvernig ráðstefnuglósurnar líta út? Eru einhverjar af myndunum ykkar eða pári nægilega góðar til að pósta á Instagram? Deilið þeim með okkur! Sendið mynd af glósunum ykkar til ftsoy@ChurchofJesusChrist.org eða póstið þeim á Instagram og merkið við síðuna @strivetobe!





„Svör við ákveðnum bænum geta borist beint frá ákveðinni ræðu eða ákveðnu orðtaki. . . . Einlæg þrá til að hlýða á og fylgja orðum leiðsagnar, mun greiða leið að persónulegri opinberun.“

Öldungur Dieter F. Uchtdorf®

Heimildir

1. Russell M. Nelson, „Hreinn sannleikur, hrein kenning og hrein opinberun,“ *aðalráðstefna*, október 2021.
2. Jeffrey R. Holland, „Cast Not Away Therefore Your Confidence,“ *Ensign*, mars 2000, 9.
3. Russell M. Nelson, „Hreinn sannleikur, hrein kenning og hrein opinberun.“
4. David A. Bednar, „Create Your Own Small Plates“ (myndband), ChurchofjesusChrist.org.
5. David A. Bednar, „Create Your Own Small Plates.“
6. Neil L. Andersen, *aðalráðstefna*, október 2017.
7. Russell M. Nelson, „Hlýð þú á hann,“ *aðalráðstefna*, apríl 2020.
8. Dieter F. Uchtdorf, „General Conference—No Ordinary Blessing,“ *Ensign* eða *Liahona*, sept. 2011, 4.


© 2022 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn.

LEYFI TIL ENDURPRENTUNAR ÞESSA BÆKLINGS ER HEIMILUÐ TIL EINKANOTA EN EKKI Í AUGLÝSINGASKYNI. ÞETTA FELUR Í SÉR LEYFI DEILDARLEIÐTOGA TIL AÐ PRENTA NOKKUR EINTÖK FYRIR ÞÁ SEM ÞEIR ÞJÓNA VEGNA KÖLLUNAR SINNAR. BÆKLINGURINN VERÐUR AÐ VERA PRENTAÐUR Í HEILD SINNI. ÞETTA FELUR EKKI Í SÉR LEYFI TIL AÐ SETJA INNLEGG Á NETIÐ, NOTA EFNID Í ÖÐRUM TILGANGI EÐA DREIFA ÞVI. ÖLL ÖNNUR NOTKUN Á ÞESSU EFNÍ KREFST LEYFIS.

permissions.ChurchofjesusChrist.org

ÞURFIÐ ÞIÐ FLEIRI EINTÖK?

Hlaðið þessari minnisbók niður og prentið hana á conference.ChurchofjesusChrist.org.



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU